

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 8 (26.6.2015) - Holtsvegur 51, dsk br

Málsnúmer : 1504114
Málsaðili : Sigurður Þorvarðarson
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 26.06.2015

Inngangur :
Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts sem nær til fjölbýlishúsalóðarinnar Holtsvegur 51 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Tillagan gerir ráð fyrir því að íbúðum fjölgi um eina, úr 16 í 17 íbúðir. Í stað 4-5 hæða byggingar þar sem fremri hluti byggingar var fjórar hæðir en aftari hluti 5 hæðir verður byggingin 5 hæðir þar sem fremri hluti 5. hæðar er inndregin að hluta. Bílastæðum á lóð fjölgar úr 32 stæðum í 34 stæði. Bílageymslum á lóð fjölgar úr fjórum í fimm. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til kynningar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.